



Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 16. apríl 2026

MSS22010199

ívs

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 16.4.2026 varðandi eftirfarandi mál:

### **MAR - Aðgerðaráætlun aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar 2026-2030**

Lagt fram bréf mannréttindaskrifstofu, dags. 1. apríl 2026, sbr. samþykkt mannréttindaráðs frá 31. mars 2026 á aðgerðaáætlun aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar 2026-2030, ásamt fylgiskjölum.  
Samþykkt.

Anna Kristinsdóttir, Bragi Bergsson og Valgerður Jónsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúi Framsóknarflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn hrósar metnaðarfullri stefnu um aðgengismál en staða aðgengisfulltrúa var sett á laggirnar í síðasta meirihluta og aukin áhersla lögð á aðgengismál. Framsókn gagnrýnir þó að tillögunni fylgi ekki kostnaðargreining og ekki er skýrt gerð grein fyrir því hvornig eigi að fjármagna þær verklegu framkvæmdir sem nefndar eru svo sem endurgerð allra sérklefa í sundlaugum, fjölgun bílastæða fyrir hreyfihamlaða og sjónrænt og hljóðrænt tilkynningarkerfi í þjónustuveri og miðstöðvum.

Helga Björk Laxdal  
e.u.



**Reykjavík**